Af kútter Surprise úr silfri og fl.

fólk í listum

Gunnar Hjaltason sýnir í Norræna húsinu

Gunnar Hjaltason, gullsmiður og myndlistarmaður er fæddur árið 1920 norður í Eyjafirði. Foreldrar hans bjuggu á ytri-Bakka í Arnarneshreppi, en fluttu síðar suður til Reykjavíkur.

Gunnar Hjaltason lauk sveinsprófi í gullsmíði árið 1947 og útvarpsvirkjaprófi árið 1943, en báðar þessar iðngreinar krefjast góðra handa og mikillar þolinmæði.

Gunnar er af þekktri ætt og listrænni, en Ásta móðir hans var systir Ásgeirs heitins Ásgeirssonar forseta, Ragnars heitins Ásgeirssonar hjá Búnaðarfélaginu og þeirra systkina, en hjá því fólki var mikill áhugi á listum.

Gunnar lærði teikningu í Iðnskóla, var um tíma handgenginn Jóhannesi Kjarval, og hann mun hafa haldið sína fyrstu málverkasýningu í Hafnarfirði árið 1956, en síðan hefur hver sýningin rekið aðra. Hann mun hafa sýnt þrisvar í Hafnarfirði á árunum 1965-1968, í Vestmannaeyjum 1966, og nokkrar sýningar hefur hann haldið í Reykjavík, og a.m.k. eina norður á Akureyri.

Ég hefi séð sumar þessara sýninga. Myndir hans bera vott um góða hæfileika, einkum í teikningu, en litaval heppnast ekki alltaf eins vel. Myndirnar vilja verða hver annarri líkar, þótt eitt og eitt eintak beri af öðrum.

Bezt finnst mér Gunnari takast upp við tréristur og pastelteikningar.

Það sem einkum gerir þessa sýningu Gunnars Hjaltasonar merkilega, eru sýningar á gripum úr silfri, sem hann hefur gert, en þótt hljótt hafi farið, hefur Gunnar Hjaltason oft verið fenginn til þess að smíða gripi, konungsgersemar, sem erlendum þjóðhöfðingjum, eða öðrum slíkum hafa verið gefnir, þegar leið þeirra hefur legið hingað, eða af öðru viðlíka tilefni.

Auðvitað eru þessir gripir ekki til sýnis hér, enda í eigu manna erlendis, en fáeina gripi hefur Gunnar nú fengið að láni hér heima, er sýna vel hversu hagur og merkilegur gullsmiður Gunnar er.


Þarna er að finna m.a. kúlu eina úr silfri, sem slegin var fyrir menningarmálanefnd Norðurlanda, handa skrifstofustjóra Alþingis til minja. Silfurlíkan af hinu fræga hafnfirzka skipi kútter Surprise. Hvalslíkan, smíðað fyrir Loft heitinn Bjarnason, en hann lét Gunnar gjarnan smíða silfurhvali, sem hann (hvalstöðin) gaf hluthöfum og stjórnarmönnum, þegar ærið tilefni gafst.

Þá er þarna silfurbakki og mörg staup úr silfri, sem komið er úr búi Vilhjálms heitins Árnasonar, togaraskipstjóra, en silfur þetta þáði hann að gjöf á einhverju merkisafmæli, en Vilhjálmur var í sinni tíð einn mesti skipstjóri togaraflotans.

Það er dálítill galli, að Gunnar Hjaltason hefur ekki gjört skrá um gripina, sem hann sýnir þarna, eða silfrið. Það hefði auðveldað skoðun og gjört hana áhugaverðari, því gripir sem þessir njóta sín illa án eigenda og sögu. Úr þessu þyrfti að bæta, því margar spurningar vakna, þegar maður skoðar slíka sýningu.

Sýning Gunnars Hjaltasonar á silfursmíði sinni, er mikilsvert framlag til lista og iðnaðar. Þetta eru kjörgripir.

Sýning Gunnars Hjaltasonar er í Norræna húsinu og verður opin fram yfir helgi.




Kútter Surprise úr silfri. (Tímamyndir Róber)

Ómar Skúlason

Ómar Skúlason, listmálari opnaði málverkasýningu á Kjarvalsstöðum. Ómar Skúlason er ungur málari og við höfum stöku sinnum séð myndir hans, sem margar eru gerðar af ágætri kunnáttu og skilningi.

Ómar Skúlason hefur að undanförnu einbeitt sér að „collage" myndum, þ.e. málarinn notar ýms föng og límir upp myndir og teiknar og málar í eyðurnar. Það er dálítið af ungu fólki við þetta núna t.d. Magnús Kjartansson, sem er í svipinn ókrýndur kóngur þessarar listgreinar — og auðvitað með páfabréf upp á það, því ýmsir hinna eldri hafa fagnað þessum aldurhnignu „nýjungum" í myndlistinni.



Ómar Skúlason

Ómari Skúlasyni er þó ljóst, að föng úr öllu tiltæku efni eru ekki til frambúðar, og því hefur hann reynt nýtt tæknisvið, semsé að sprauta málningu, með skapalóni fær hann síðan form, sem hann getur endurtekið og málað inn í. Þannig fær hann fram afbrigði, en getur samt fjölfaldað myndir, (en það var ekki mögulegt alltaf) með fyrri aðferðum.

Þetta er merkilegt að voru mati, og myndraðir Ómars eru skemmtilegar og áhugaverðar í alla staði.

Ómar sýnir mikla hæfileika í myndsköpun, en ég er ekki sáttur við litinn. Hann hæfir naumast þessu myndmáli, að ekki sé nú meira sagt.

Myndaröð (dúkristur) frá 1972 sýna aðra hlið á litameðferð, og það er gömul kenning, að málarinn sitji alla ævi uppi með sama „litakortið" í sálinni. Því gætilitavalið núna gefið vísbendingu um að það sé nú ekki alveg í samræmi við hið meðfædda kort, heldur tilraun til þess að beygja ákveðna litaflokka undir hin nýju form.

Stóra myndin andspænis inngangi er að voru mati sterkasta myndin á þessari sýningu.

Ómar Skúlason deilir Vestursalnum með Guðbergi Auðunssyni að þessu sinni, en sýningar þeirra eru einkasýningar, sem tilviljunin hefur leitt í sama húsið.

Það er skemmtileg tilviljun að boðið skuli upp á tvær frambúðarlausnir undir sama þaki, sömu daga, því Guðbergur hefur einmitt einsog Ómar reynt nýja leið til þess að yfirfæra gömlu „collage"-tæknina yfir í varanleg efni.

Jónas Guðmundsson



Tékkar og notkun þeirra



Enn skal kennt að nota tékka

Samvinnunefnd banka og sparisjóða hefur í níunda sinn gefið út meðfylgjandi bækling um "Tékka og notkun þeirra", og er hann nú gefinn út í 20 þús. eintökum.

Bæklingurinn á að vera almenningi til upplýsinga um tékka og notkun þeirra og mun verða afhentur öllum nýjum tékkareikningshöfum auk þess, sem hann mun liggja frammi í afgreiðslum banka, bankaútibúa og sparisjóða.

Maður í manns stað

Þessi lausavísa, ort undir limruhætti, barst blaðinu nýlega.

Þegar Gróur á Leiti eru grafnar
og glatkistan Mörðunum safnar,
þá er svolítil fró
fyrir siðlausan róg,
að Svarthöfði lifir og dafnar.

María Finnsdóttir hjúkrunarkona:

AÐ LIÐNUM JÓLUM Á STOFNUN FYRIR ALDRAÐA

Jólahátíðin er gengin um garð. Þessi hátíð hefir hlotið mörg nöfn, eins og svo margt annað sem mönnunum er kært, meðal annars „hátíð ljóssins", og „hátíð barnanna". Á dögum grútartýrunnar var eldsneytið sparað til jólanna og kerti voru tendruð. Nú á dögum er útiljósum fjölgað til þess að lýsa upp skammdegið yfir hátíðina. „Hátíð barnanna". Þetta hugtak endurspeglar skilning á þörf barnsins fyrir yl og birtu mitt í skammdegismyrkrinu. Máltækið segir: „Tvisvar verður gamall maður barn". Má þar oft til sanns vegar færa bæði í líkamlegum, sálarlegum og félagslegum skilningi. Hinn aldraði verður aftur háður þeim fullorðnu, þeim sem málum stjórna. Þeim er nú skammtað meðal annars ljós, ylur og félagsleg samskipti. Þar gefur hver af gnægtum sínum.

Eftir nokkurra mánaða starf við stofnun fyrir aldraða hér í borg, langar mig til þess að létta af mér nokkrum þönkum sem brotizt hafa um innra með mér þessa síðustu mánuði, þó sér í lagi í sambandi við jólahátíðina.

Sem betur fer eru það margir, sem eiga gnægtabrunn ástúðar og umhyggju til að ausa af og spara í engu að létta þeim ástvinum lífið, sem hlotið hafa þau örlög að verða farlama, eða geta ekki af félagslegum ástæðum dvalizt á heimilum sínum eða sinna. Enginn getur fyllilega lesið annarra hug. Oft er erfitt að gera sér grein fyrir hvað þeir hugsa, sem eiga í erfiðleikum með eða eru ófærir um að tjá sig. Ef til vill eru það þessir tjáningarörðugleikar, sem valda því að hjá alltof mörgum rofna tengslin við þá nánustu, þegar hinir öldruðu eru komnir inn á stofnanir, og þar með hverfur skilningur þeirra á líkamlegum, sálarlegum og félagslegum þörfum þeirra.

Dæmi skulu nefnd. Þegar farið er að athuga fatabirgðir eins lífeyrissjóðsþega, sem dvelst á þessari stofnun, kemur í ljós að þær eru mjög takmarkaðar og fötin slitin. Þegar hafið er máls á þessu við dóttur hins aldraða eru fyrstu viðbrögðin: „Hann pabbi fatalaus, það getur ekki verið, ég sem „gaf" honum buxur fyrir jólin í fyrra". Annar öldungur hefir ekki farið heim um árabil. Þegar farið er að spjalla við hann um heimferð fyrir jólin eru fyrstu viðbrögðin stutt og hart NEI. En þegar skygnzt er undir yfirborðið kemur í ljós sársauki, biturleiki og vonbrigði. Það var ekkert pláss fyrir hann heima hjá syninum. Heimilið er of fínt fyrir hann. En spjallið hafði vakið vonir. Öldungurinn, sem áður hafði setið við rúmið eða legið upp í því allan daginn, fór nú að ganga um deildina, sitja í dagstofu og jafnvel ganga stiga. Heimferðin gekk mjög vel, öldungnum til mikillar ánægju. En hver voru viðbrögð aðstandenda? Reiði yfir því að spjallað hafði verið um heimferð án þess að spyrja þá að. Það þarf engan að undra, að komið var með öldunginn til baka áður en kvöldverðargestirnir komu, en „gestirnir" voru afa og langafabörn hins aldraða. Fleiri svipuð dæmi mætti taka, en ég læt þetta nægja.

Eitt var mjög áberandi í þessu samfélagi hinna öldruðu: Það mátti telja til undantekninga að börn eða unglingar kæmu í heimsókn. Það virðist því sem á engan hátt sé stuðlað að því að þessir aldurshópar umgangist elztu kynslóðina. Þá vaknar sú spurning hvort þeir sem eru miðaldra í dag séu ekki að styrkja þau viðhorf hjá hinni upprennandi kynslóð, sem viðheldur því kynslóðabili, sem skapazt hefur af breyttum þjóðfélagslegum lifnaðarháttum síðustu áratuga. Er verið að leggja grundvöllinn að viðhorfum til eigin ellidaga. Viðhorfum sem firra foreldra kærleik og umhyggju barna sinna þegar þau þurfa mest á því að halda? Verður það þetta ómurlega afskiptaleysi sem bíður þeirra? Ég læt þessum spurningum ósvarað.

Vistun aldraðra á stofnunum um lengri eða skemmri tíma er ómissandi þáttur í nútíma þjóðfélagi. Þrátt fyrir það kemur stofnunin aldrei í stað heimilis, hversu góða þjónustu sem hún veitir. Á sama hátt getur starfslið stofnana, hversu vel menntað og hæft sem það kann að vera, aldrei komið í stað nánustu ættingja og vina. Til þess að létta hinum aldraða þann missi sem hann verður fyrir við að þurfa að dvelja á stofnun síðustu æviárin, þarf að koma til náið samstarf milli starfsfólks, ættingja og öðunganna sjálfra.

Jólin 1977 eru liðin og jólaljósin slokknuð. Skammdegi norðursins grúfir ennþá yfir borginni. Heimferðir hinna öldruðu á umræddri stofnun eru að mestu leyti hættar. Þarf hinn aldraði að bíða í ellefu mánuði til að skreppa heim til barna sinna? Verður nokkur tími aflögu fyrir vorið eða pláss í aftursæti bílsins þegar leiðin liggur út í náttúruna? Þessum spurningum verður heldur ekki svarað hér.

Hver einstaklingur skapar sér ákveðinn lífsmáta. Ákveðinn tími er tekinn til vinnu, matartíma, svefns, tómstundaiðkana o.s.frv. Kannski höfum við gleymt að taka skyldur okkar við aldraða ættingja og vini með inn í myndina.

Minnumst þess að enginn veit hver á eftir að verða gamall og farlama og þá háður miskunnsemi ættingja og vina, því Elli kerling fer ekki í manngreinarálit. Þótt góð þjóðfélagsleg staða veiti öryggi í dag, er hún engin trygging fyrir því að alhliða þörfum þess sama einstaklings sé fullnægt á elliárunum.